

Til

Velferðarnefndar Alþingis

Frá

Barna- og unglिंगageðlæknafélagið
C/O Ólafur Ó Guðmundsson formaður,
olafurog@landspitali.is

Reykjavík 10.11.2014

Umsögn Barna- og unglिंगageðlæknafélagsins (BGFÍ) um 257. mál, lagafrumvarp um Sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. 144. Löggjafarþing 2014-2015

Frumvarp þetta getur haft viðtæk áhrif á þjónustu við börn með þroskaraskanir á Íslandi og því er mikilvægt að gæta þess að þjónusta við börn og unglिंगa skerðist ekki frá því sem nú er. Að mati BGFÍ væri það skref í ranga átt að sameina þjónustu sem hefur verið veitt börnum og unglिंगum í eina miðstöð sem sinni öllum aldurshópum.

Sérfræðimiðstöð fyrir börn og unglिंगa með frávik í taugaþroska þarf að byggja á fagfólki með sérþekkingu á þroska barna, þörfum þeirra eftir aldri og félagslegri stöðu sem er í grundvallaratriðum önnur en fullorðinna. Æskilegra væri að Greiningarstöð myndi sameinast, eða vera í náinni samvinnu við aðila sem sinna börnum og unglिंगum, frekar en þeim stofnunum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Greiningarstöð hefur ekki getað að fullu sinnt því hlutverki sem stofnuninni ber skylda til og hefur verið brugðið á það ráð að vísa frá hópum barna svo sem börnum með einhverfurófsraskanir og eðlilega greind sem hefur leitt til þess að þessi hópur verið á hrakhólum í kerfinu. Óraunhæft er að gera ráð fyrir að aðrar þjónustudeildir eins og Barna- og unglिंगageðdeild Landspítala geti bætt við sig þessum verkefnum í ljósi biðlista eftir þjónustu deildarinnar.

Með því að veita börnum og unglिंगum markvissa þjónustu er verið að fyrirbyggja vanda sem annars getur þróast á fullorðinsárum sem fylgiraskanir, bæði geðrænar og félagslegar. Hugsanlega má því rekja vanda sumra fullorðinna til þess að þjónusta á barnsaldri hafi ekki verið næg. Þörf er á að auka samvinnu milli þeirra stofnana sem sinna geðröskunum, félagslegum vandamálum og endurhæfingu þannig að þjónustan verði heildstæðari. Það er fagnaðarefni að veita eigi meiri þjónustu til einstaklinga yfir 18 ára aldri með fatlanir á sviði þroskaraskana, hreyfihamlana og einhverfu en hættan er sú að börnin verði útundan þegar mikill fjöldi fullorðinna kallar eftir þjónustu.

Ekki kemur skýrt fram í frumvarpinu hvaða þjónustu eigi að veita fólki eldri en 18 ára eða hve mikill fjöldi fullorðinna muni þurfa þjónustu hjá miðstöðinni. Mikil þörf er til staðar í samfélaginu hjá þessum hópi og því þarf að skilgreina slíka nýja viðbótarþjónustu vel, meðal annars með tilliti til þjónustuþarfar, skipulags og fjölda starfsmanna .

Til að kostnaður af nýrri þjónustu við eldri aldurshópa sé ekki tekinn af þjónustu við börn þarf að tryggja fjármagn til uppbyggingar og reksturs áður en henni er komið á fót. Það má ljóst vera að

kostnaður getur orðið margfalt meiri en sú hagræðing sem hugsanlega myndi hljóttast af sameiningu stofnananna.

Eins og BGFÍ hefur áður bent á í samskiptum við Velferðarráðuneytið, er hægt að bæta þjónustu við börn- og unglinga með því að stofna teymi til að sinna þjónustu á landsbyggðinni. Teymin gætu sinnt greiningu og ráðgjöf bæði varðandi geðraskanir og þroskaraskanir. Slík teymi gætu hæglega verið staðsett í hverjum landshluta (s.k. landshlutateymi). Teymin myndu bæta þjónustu á landsvísu og koma til móts við þá fjölbættu erfiðleika sem ungmenni með frávík í taugaproska samhliða geðröskunum eiga við að stríða. Í því samhengi má benda á að í rannsóknum hefur komið fram að allt að 50-80 % barna með einhverfurófsraskanir eru einnig með geðraskanir.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd BGFÍ,

Ólafur Ó Guðmundsson, formaður